

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. júní 1988

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 80/720/EBE frá 24. júní 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi athafnarými, aðgang að ökumannssæti og dyr og glugga á landbúnaðardráttarvélum á hjólum

(88/414/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars
1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðar-
viðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽¹⁾, eins
og henni var síðast breytt með tilskipun 88/297/EBE⁽²⁾,
einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilliti til fenginnar reynslu er nú unnt að gera ýmis
ákvæði tilskipunar ráðsins 80/720/EBE⁽³⁾, eins og henni
var síðast breytt með tilskipun 82/890/EBE⁽⁴⁾, nákvæmari
og ítarlegri.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í
samræmi við álit nefndar er sér um að aðlaga, í samræmi við
tækniframfarir, tilskipanir um að ryðja úr vegi tæknilegum
hindrunum á viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við
tilskipun 80/720/EBE í samræmi við viðauka þessarar til-
skipunar.

2. gr.

1. Frá 1. október 1988, er aðildarríkjunum óheimilt að:

- synja um EBE-gerðarviðurkenningu á dráttarvélagerð-
um eða neita að gefa út skjalið sem um getur í síðasta
undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða

veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða

- banna að dráttarvélar séu teknar í notkun ef athafna-
rými, aðgangur að ökumannssæti og dyr og gluggar
þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla eru í sam-
ræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Frá 1. október 1989, er aðildarríkjunum:

- óheimilt að gefa út skjalið sem um getur í síðasta undir-
lið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE vegna gerðar
dráttarvélar ef athafnarými, aðgangur að ökumans-
sæti og dyr og gluggar hennar eru ekki í samræmi við
ákvæði þeirrar tilskipunar.
- heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu á
gerð dráttarvélar ef athafnarými, aðgangur að öku-
mannssæti og dyr og gluggar hennar eru ekki í samræmi
við ákvæði þessarar tilskipunar.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara
að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1988. Þeim
ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júní 1988.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

COCKFIELD

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 126, 20. 5. 1988, bls. 52.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 194, 28. 7. 1980, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 45.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við tilskipun 80/720/EBE:

- Í fyrstu línu í lið I.4 er orðunum „nema á þeim stöðum sem eru einungis notaðir sem inn- og útgönguleiðir“ bætt við á eftir „Hver sem staða stýrisstangar og stýrishjóls er“.
 - í fyrstu línu í lið I.7 er orðinu „ósveigjanlegur“ bætt við á undan „hluti þaksins“.
- Eftirfarandi setningu er bætt við:
- „Bólstrunin má ná niður að 1 000 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis“.
- Eftirfarandi lið I.8 er bætt við á eftir lið I.7:

1.8 „Radíus bogadregins yfirborðs milli afturþilju stjórnklefa og þaks stjórnklefa má að hámarki vera 150 mm“.
 - Í lið III.3 er orðunum „ef þeir eru fyrir hendi“ bætt við á eftir orðunum „gluggar sem eiga að loftræsta“.
 - Í síðustu línu þriðju málsgreinar í lið III.5 er orðunum „eða færa þá“ bætt við á eftir orðunum „opna þá“.
 - Í stað myndanna 1,2 og 3 komi eftirfarandi myndir 1,2 og 3:

Vinstri hlið stjórnklefa

Hægri hlið stjórnklefa

Viðmiðunarpunktur sætis

Mynd 1
(Mál í mm)

Viðmiðunarpunktur sætis

Mynd 2

(Mál í mm)

Handvirk stjórnæki

sjá lið I.6

Viðmiðunarpunktur sætis

Mynd 3

(Mál í mm)
